

Sjálfbærnisráðgjafi Stefns 2022

Ófjárhagslegar upplýsingar

Stefnir er rötgróið íslenskt sjóðastýringarfyrtæki með um 260 milljarða króna í virkri sjóðastýringu í lok árs 2022. Hlutverk félagsins er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Stefnir þjónar jafnt einstaklingum sem fagfjárfestum. Hjá Stefni starfa um 23 sérfræðingar í fimm teyllum við stýringu á fjölbreyttu úrvali verðbréfasjóða og sérhæfðra sjóða. Stefnir er dótturfélag Arion banka hf. Stefnir gefur út ófjárhagslegar upplýsingar í sjálfbærnisráðgjafi sinni í annað skiptið árið 2022 og vill með því hvetja aðra til að gera hið sama og stuðla að gagnsærri upplýsingagjöf varðandi þá mikilvægu þætti sem umhverfi, félagslegir þættir og stjórnaðarhættir eru í starfsemi félagsins.

Hlutverk Stefns er að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi. Ábyrgir og fjölbreyttir fjárfestingarkostir og ítarleg upplýsingagjöf eru lykilatriði í framkvæmd og sýnileika þeirrar samfélagslegu ábyrgðar sem Stefnir vill viðhafa. Með því að taka tillit til umhverfismála, félagslegra þátta og góðra stjórnaðarhátta teljum við að félagið geti haft jákvæð áhrif á samfélag okkar, eigendum í sjóðum og öðrum haghöfum til góðs. Ófjárhagslega upplýsingagjöf skv. 66 gr. d. laga nr. 3/2006 sem og aðra upplýsingagjöf tengda sjálfbærni má nálgast á heimasíðu félagsins en Stefnir vinnur skráningu ófjárhagslegra upplýsinga eftir UFS viðmiðum NASDAQ.

Stjórn Stefns hefur tileinkað sér góða stjórnaðarhætti og hefur einsett sér að stuðla að og styðja við ábyrga hegðun og fyrirtækjamenningu innan Stefns til hagsbóta fyrir alla hagsmunaaðila félagsins. Stefnir er „Fyrirmyndarfyrirtæki í góðum stjórnaðarháttum“ að mati Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnaðarhætti og hefur verið frá árinu 2012. Stöðugt er unnið að viðhaldi og þróun stjórnaðarhátta hjá félaginu og er regluleg endurnýjun viðurkenningarinnar liður í því ferli.

Stefna um sjálfbærni, ábyrgar fjárfestingar og áreiðanleikakönnunarferli

Stefna um sjálfbærni og samfélags ábyrgð var samþykkt af stjórn í upphafi árs 2022. Stefnan lýsir sjálfbærniáherslum Stefns til lengri tíma og hvernig félagið tileinkar sér sjálfbærni í starfsemi sinni og við stýringu fjármuna samkvæmt umboðsskyldu félagsins. Stefnuna má finna á heimasíðu Stefns. Félagið hefur sett sér stefnu um ábyrgar fjárfestingar. Stefnan miðar að því að stýra fjármunum í eigu viðskiptavina með hagsmuni þeirra að leiðarljósi út frá umhverfispáttum, félagslegum þáttum og stjórnaðarháttum.

Helstu þættir við samþættingu UFS málefna við fjárfestingaákvæðanir er skimun samkvæmt siðferðilegum takmörkunum og virkt eignarhald. Mikil þróun er í aðferðafræði við samþættingu UFS málefna við fjárfestingar og er mikilvægt að nálgast viðfangsefnið af auðmýkt.

Stefnir fær upplýsingar vegna umfangs 2 og 3 frá Klöppum en þær eru reiknaðar miðað við hlutfall starfsfólks í lok árs innan höfuðstöðva Arion banka þar sem Stefnir er til húsa. Í ófjárhagslegri upplýsingagjöf félagsins 2021 var losunin reiknuð sem hlutfall þeirra fermetra sem Stefnir nýtir undir starfsemi sína í höfuðstöðvum bankans og er því um breytingu á aðferð að ræða milli ára.

Gögn sem snúa að mannauði koma m.a. úr mannauðskerfi móðurfélags Stefns og gögn sem snúa að stjórnaðarháttum byggja á stjórnaðarháttayfirlýsingu Stefns. Ófjárhagslegar upplýsingar hafa verið endurskoðaðar og staðfestar með takmarkaðri vissu af endurskoðunarfyrtækinu Deloitte.

Árangur af stefnu um ábyrgar fjárfestingar

Á árinu 2022 var stofnaður nýr sjóður, Stefnir – Sustainable Arctic Fund sem einblínir á hlutabréfa fjárfestingar á Norðurslóðum með sjálfbærni að leiðarljósi. Einnig var KF Global Equity, erlendur sjóður í stýringu Stefns, skilgreindur samkvæmt grein 8 (Article 8) í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu (e. SFDR). Sjóðurinn upplýsir þannig um

hvernig tekið er tillit til áhrifa á sjálfbærni í fjárfestingarákvörðunum sínum og er þetta fyrsti sjóður í stýringu innlands aðila sem hefur skilgreint sig með þessum hætti.

Stefnir hafði áður stofnað þrjá aðra sjóði sem huga sérstaklega að sjálfbærni. Sjóðirnir eru Stefnir - Scandinavian Fund - ESG, Stefnir – Sjálfbær skuldabréf og Stefnir – Grænaval. Fyrir hönd hlutdeildar

skírteinishafa Stefnis – Grænvals gróðursetti Stefnir 5.000 tré samstarfi við Kolvið en með þessu er bundin um 500 tonn af útblæstri sem er álíka og 250 fólksbílar losa á ári. Stefnir hefur frá árinu 2020 bundið kolefnislosun félagsins með Kolviði.

Stefnir – Scandinavian Fund ESG hefur hlotið AAA-einkunn MSCI, þá hæstu sem veitt er og er hann fyrstur íslenskra sjóða til að hljóta þessa einkunn. Sjóðurinn er þar með kominn í flokk með fremstu sjóðum í heiminum með tilliti til UFS þátta. Í greiningu MSCI kemur fram að „Stefnir – Scandinavian Fund ESG“ mælist ofar en 94% sjóða sem MSCI veitir einkunn, en þeir eru um 34 þúsund talsins á heimsvísu.

Einnig hóf Stefnir samstarf við SoGreen sem framleiðir kolefniseiningarnar í samstarfi við hjálparamtökin Fawe (www.fawe.org) í Sambíu. Verkefnið felur í sér að tryggja stúlkum í Monze-héraði Sambíu fulla fimm ára gagnfræðaskólamenntun. SoGreen er gott dæmi um íslenska frumkvöðlastarfsemi á sviði sjálfbærni þar sem félagslegt verkefni er nýtt fyrir forðun á kolefnislosun til framtíðar.

Á árinu 2020 tók Stefnir þátt í að undirrita viljayfirlýsingu um fjárfestingar í þágu sjálfbærrar uppbyggingar. Fjármagn er mikilvægt hreyfiafl í mótun atvinnulífs og atvinnusköpunar. Ákvarðanir sem teknar eru í dag munu hafa mikil áhrif á framþróun samfélagsins til næstu ára og því mikilvægt að þær séu teknar með sjálfbærni að leiðarljósi. Með því að nýta fjármagn með markvissum aðgerðum er hægt að viðhalda sjálfbærri þróun og á sama tíma að efla samkeppnishæfni þjóða og framtíð komandi kynslóða.

Mikilvægt er mannaður Stefnis búi yfir þekkingu og hafi þann stuðning sem þarf til að ná árangri fyrir eigendur í sjóðum Stefnis á sviði UFS málefna og hefur stjórn sérstaklega aðlagð starfskjarastefnu og kaupaukakerfi félagsins að því markmiði. Kaupaukakerfið á að hvetja starfsmenn til að skapa sjálfbæran langtímaárangur með gagnsæjum hætti þar sem mælikvarðar eru skilgreindir um fjárhagslega og ófjárhagslega þætti þ.m.t. framgang UFS málefna innan félagsins.

Hjá Stefni starfar UFS ráð en það vinnur samkvæmt starfsreglum settum af framkvæmdastjóra, veitir stuðning við samval fjárfestinga og fullvissu um að unnið sé samkvæmt þeim viðmiðum um ábyrgar fjárfestingar sem sett eru í starfsemi Stefnis. Starfsmenn Stefnis, sem eiga sæti í UFS ráði, eru kyndilberar innleiðingar aðferðafræði ábygrra fjárfestinga í alla starfsemi Stefnis. Stjórn og starfsmenn Stefnis taka námskeið á vegum PRI Academy í aðferðafræði ábygrra fjárfestinga. PRI Academy er helsti fræðsluvettvangur fyrir þá sem vilja öðlast skilning á því hvernig umhverfismál, félagslegir þættir og góðir stjórnarhættir hafa áhrif á frammistöðu fyrirtækja og auka virði allra haghafa.

Áhrif á loftlagsbreytinga á Stefni og megináhættur

Ófjárhagslegum markmiðum og mælikvörðum sem hafa verið ákveðin af stjórn og stjórnendum Stefnis er reglulega fylgt eftir og niðurstöður eru birtar í sjálfbærnisýrslu árlega. Stefnir mun halda áfram að betrubæta hvernig megináhætta sjálfbærniþátta er skilgreind og innleidd í starfsemina. Loftslagáhætta er tvískipt, raunáhætta og umbreytingaráhætta, en henni fylgir einnig orðsporsáhætta og lagaleg áhætta. Áhætta vegna loftlagsmála getur komið í veg fyrir að Stefnir nái markmiðum sínum, en loftslagbreytingar og ferli til að sporna við þeim munu koma til með að hafa umtalsverð áhrif á efnahagslíf og þar af leiðandi á virði fjárfestinga.

Ófjárhagslegir lykilmælikvarðar Stefnis

G2. Óháði stjórnar: Óháðir stjórnarmenn voru tveir á móti einum háðum stjórnarmanni á árinu 2022.

G5. Siðareglur birgja: Allir birgjar skulu upplýstir um siðareglur birgja umfram ákveðin fjárhæðarmörk.

G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu: Stjórn samþykkti siðareglur árið 2022 sem endurspegla þau siðferðisviðmið sem stjórn og starfsmenn vinna eftir en önnur viðmið um sama efni má einnig finna í ráðningasamningum starfsfólks, stefnu um hagsmunaárekstra og starfsreglum stjórnar. Stjórn samþykkti einnig reglur Stefnis um aðgerðir gegn peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka árið 2022.

G7. Persónuvernd: Stefnir hefur sett sér stefnu um persónuvernd sem sjá má á heimasíðu félagsins.

S4. Kynjafjölbreytni: Hlutfall kvenna í störfum í efsta starfsmannalagi var 40% á árinu 2022 en innan fyrirtækisins var hlutfall kvenna 32%. Markmið stjórnar um aukna fjölbreytni lýtur að því hlutfall kvenna meðal starfsfólks félagsins verði 40% í lok árs 2024.

Samþykkt af stjórn Stefnis

22. febrúar 2023



Umhverfi	2022
E1. Losun gróðurhúsalofttegunda	
Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda (tCO ₂ ígildi)	10,6
Losun frá umfangi 1	0
Losun frá umfangi 2	1,53
Losun frá umfangi 3	9,07
Kolefnisspor með mótvægisáðgerðum	0
E2. Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda	
Losunarkræfni orku (kgCO ₂ i/MWst)	64,43
Losunarkræfni heildareigna (tCO ₂ i/milljarður ISK)	2,6
Losunarkræfni starfsfólks (tCO ₂ i/fjöldi)	0,46
E3. Orkunotkun	
Heildarorkunotkun (kWst)	164.447
Orka frá rafmagni	44.735
Orka frá heitu vatni	119.712
E4. Orkukræfni	
Orkukræfni starfsmanna (kWst/stöðugildi)	7.150
Orkukræfni heildareigna (kWst/milljarður ISK)	39.789
E5. Samsetning orku	
Endurnýjanleg orka (%)	100
E6. Vatnsnotkun	
Heildar vatnsnotkun (m ³)	3.698
E7. Umhverfisstarfsemi	
Fylgir fyrirtækið þitt formlegri umhverfisstefnu (Já/Nei)	Nei
Fylgir fyrirtækið þitt tilteknum stefnum fyrir úrgang, vatn, orku og/eða endurvinnslu (Já/Nei)	Já
Notast fyrirtækið þitt við viðurkennt orkustjórnunarkerfi? (Já/Nei)	Nei
E8. Loftslagseftirlit / stjórn	
Hefur stjórn þín eftirlit með og/eða stjórnar loftslagstengdri áhættu? (Já/Nei)	Nei
E9. Loftslagseftirlit / stjórnendur	
Hefur æðsta stjórnarteymi þitt eftirlit með og/stjórnar loftslagstengdri áhættu? (Já/Nei)	Nei
E10. Mildun loftslagsáhættu	
Heildar fjármagn sem árlega er fjárfest í loftslagstengdum innviðum, seiglu og vöruþróun	-



Félagslegir þættir	2022
S1. Launahlutfall forstjóra	
Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlauna-greiðslna starfsmanna í fullu starfi	2,14
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu þínu í skýrslugjöf til yfirvalda (Já/Nei)	Já
S2. Launamunur kynja	
Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla og miðgildis launagreiðslna kvenna	1,83
S3. Starfsmannavelta	
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi (%)	26,1
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi (%)	4,3
Árleg breyting verktaka og/eða ráðgjafa (%)	0
S4. Kynjafjölbreytni	
Kynjahlutfall innan fyrirtækis í fullu starfi (%)	32
Hlutfall kvenna í byrjunarstörfum og næsta starfsmannalagi fyrir ofan (%)	29
Hlutfall kvenna í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar (%)	40
S5. Hlutfall tímabundinna starfskrafta	
Starfsmenn í hlutastarfi (%)	10
Prósenta þeirra sem eru í verktöku og/eða ráðgjöf	0
S6. Aðgerðir gegn mismunun	
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu er varðar kynferðislegt áreiti og/eða jafnrétti? (Já/Nei)	Já
S7. Vinnuslysatiðni	
Tíðni slysatengdra atvika miðað við heildartíma vinnuafslins (%)	0
S8. Hnattræn heilsa og öryggi	
Fylgir fyrirtækið þitt starfstengdri heilsustefnu og/eða hnattrænni stefnu um heilu og öryggi? (Já/Nei)	Nei
S9. Barna- og nauðungarvinna	
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu? (Já/Nei)	Nei
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda? (Já/Nei)	Nei
S10. Mannréttindi	
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu? (Já/Nei)	Nei
Ef já, nær, mannréttindastefnan einnig til birgja og seljanda? (Já/Nei)	Nei



Stjórnarhættir	2022
G1. Kynjahlutfall í stjórn	
Hlutfall kvenna í stjórn (%)	67
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda (%)	100
G2. Óhæði stjórnar	
Bannar fyrirtækið forstjóra að sinna stjórnarformennsku (Já/Nei)	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna (%)	67
G3. Kaupaukar	
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri á sviði sjálfbærni (Já/Nei)	Já
G4. Kjarasamningar	
Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	100
G5. Siðareglur birgja	
Ber seljendum þínum eða birgjum að fylgja siðareglum? (Já/Nei)	Já
Ef já, hve hátt hlutfall þinna birgja hafa formlega vottað að þeir fylgi siðareglum, í prósentum?	42,7
G6. Siðferði og aðgerðir gegn spillingu	
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um siðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu? (Já/Nei)	Já
Ef já, hve hátt hlutfall vinnuafls þíns hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni, í prósentum?	100
G7. Persónuvernd	
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd? (Já/Nei)	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum? (Já/Nei)	Já
G8. Sjálfbærnisrásla	
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbærnisráslu? (Já/Nei)	Já
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda? (Já/Nei)	Já
G9. Starfsvenjur við upplýsingagjöf	
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkenndra aðila með skipulögðum hætti? (Já/Nei)	Nei
Leggur fyrirtæki þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)? (Já/Nei)	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP? (Já/Nei)	Nei
G10. Gögn tekin út/sannreynd af ytri aðila	
Er upplýsingagjöf þín um sjálfbærni tekin út eða sannreynd af þriðja aðila? Já/Nei	Já